

Viðkiptasvið

Dulin búseta í Borgarfirði

Misserisverkefni

Hópur R

Eva Björk Benediktsdóttir
Guðlaug Íris Margrétardóttir
Hildur Hjálmsdóttir
(Sumarönn 2015)

Leiðbeinandi: Árni Sverrir Hafsteinsson



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

Dulin búseta í Borgarfirði

Misserishópur R

Háskólinn á Bifröst, 25.júní 2015

Einkunn: _____

Stimpill skóla

Dulin búseta í Borgarfirði

Misserishópur R

Eva Björk Benediktsdóttir
Guðlaug Íris Margrétardóttir
Hildur Hjálmsdóttir

Ágrip

Dulin búseta hvar sem það er á landinu hefur víðtæk áhrif á samfélagið í heild sinni. Með dulinni búsetu er átt við allir þeir einstaklingar sem dvelja eina nótt eða lengur á stað sem er ekki skráð lögheimili viðkomandi. Þegar fólk ferðast um landið og gistir til að mynda í orlofshúsum þá nýtir það sér vegakerfi viðkomandi sveitarfélags ásamt grunnþjónustu sem er vatns og fráveitukerfi.

Markmið þessarar rannsóknar er að kanna hve mikil dulin búseta er á Vesturlandi og þá helst í Borgarfirði og hvaða áhrif hún hefur á sveitarfélögin innan fjarðarins.

Samkvæmt könnun sem hópurinn framkvæmdi nýta 7 af hverjum 10 sumarhúseigendum sér þær verslanir sem eru í nálægustu byggð. Í *Árbók verslunarinnar 2014* sem er gefin út af Rannsóknarsetri Verslunarinnar, er hlutfallsleg aukning verslunarrýmis mest í Borgarbyggð árið 2013 eða 11,7% aukning. Þegar teknar eru saman tölur um gistinætur á Vesturlandi kemur í ljós að 884 manneskjur gista þar á hverjum degi að meðaltali yfir árið sem er aukning upp á 5,7% miðað við íbúafjölda.

Notkun á vegum í umsjón Vegagerðarinnar í Borgarfirð er skoðuð út frá mælingum úr föstum mælum, ásamt aukningu umferðar milli ára. Þá sést að meðaltal ökutækja sem stoppa í Borgarfirðinum er 168 ökutæki á dag. Árið 2014 var íbúafjöldi Borgarfjarðar 3.601 manns og er áætlað að 603 einstaklingar hafi viðkomu að einhverju leyti í firðinum á dag hverjum yfir tímabilið maí fram til september. Þetta gerir mannfjölda aukningu á þessum árstíma uppá 16,7%.



Mynd 1 Borgarnes tekin af commons.wikimedia.org

Yfirlýsing höfunda

Undirritaðir nemendur við Viðskiptadeild Háskólans á Bifröst unnu skýrsluna á sumarönn 2015. Markmið verkefnisins er að skoða hver dulin búseta er í Borgarfirði og hvaða áhrif það hefur á sveitafélögin í firðinum. Hefur dulin búseta áhrif á þætti eins og þjónustu, verslun og vegakerfið.

Við öflun gagna var notast við vefheimildir, munnlegar heimildir ásamt því að rafræn spurningakönnun var send á fyrirfram valinn hóp sumarhúsaeygenda í Borgarfirði. Vinna við verkefnið fór fram dagana 1.maí - 25.júní 2015

Verkefnið er unnið með það í huga að það geti nýst sveitarfélögunum í Borgarfirði við að fá betri yfirsýn yfir dulda búsetu.

Höfundar verkefnisins vilja þakka öllum þeim sem veittu aðstoð við vinnslu skýrslunnar, þó sérstaklega Árna Sverri Hafsteinssyni leiðbeinanda hópsins, Jóni Frey Jóhannsyni og Vífli Karlssyni.

Undirritaðar höfum unnið misserisverkefni þetta í sameiningu og er framlag hvers og eins jafnmikið. Verkefni þetta er að öllu leyti okkar eigið verk og skilmerkilega er vísað til heimilda þar sem vitnað er í verk annarra. Í því efni höfum við fylgt reglum skólans eftir bestu getu og vitund.

Bifröst, 25.júní 2015

Eva Björk Benediksdóttir

Guðlaug Íris Margrétardóttir

Hildur Hjálmsdóttir

Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	1
2. Aðferðafræðin.....	3
2.1 Fræðilegir annmarkar.....	4
3. Dulin búseta.....	5
3.1 Fyrri rannsóknir.....	7
3.2 Fasteignagjöld.....	9
3.3 Gistinætur.....	9
3.4 Vegakerfið.....	12
3.5 Háskólasvæðin.....	16
3.6 Ábyrgð sveitarfélaga.....	17
4. Spurningakönnun.....	22
5. Heildarniðurstöður.....	25
7. Lokaorð.....	27
8. Viðauki.....	31

Töfluskrá

Tafla 1 Fjöldi sumarhúsa Heimild: Þjóðskrá Íslands.....	6
Tafla 2 Fjöldi sumarhúsa Heimild: Þjóðskrá Íslands.....	6
Tafla 3 Íbúafjöldi eftir byggðakjörnum Heimild: Hagstofan.....	8
Tafla 4 Útvar sveitarfélaganna Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga.....	8
Tafla 5 Fasteigna- og sorphirðugjöld Heimild: borgarbyggd.is.....	9
Tafla 6 Gistinætur á Vesturlandi Heimild: Hagstofa Íslands.....	10
Tafla 7 Gistinætur á tjaldsvæðum Heimild: Hagstofa Íslands.....	10
Tafla 8 Gistinætur í orlofshúsum Heimild: Hagstofa Íslands.....	11
Tafla 9 Gistinætur alls 2014 Heimild: Hagstofa Íslands.....	11
Tafla 10 Vegakerfi sem Vegagerðin annast Heimild: Vegagerðin.....	13
Tafla 11 Skipting kostnaðar við vetrarviðhald Heimild: Vegagerðin.....	14
Tafla 12 Stærð sveitarfélaga á Vesturlandi Heimild: Hagstofa Íslands.....	14
Tafla 13 Meðalfjöldi bíla á dag Heimild: Vegagerðin.....	15
Tafla 14 Meðalfjöldi bíla á dag Heimild: Vegagerðin.....	16
Tafla 15 Landsvæði og staðir Heimild: Ferðamálastofa.....	21
Tafla 16 Fjöldi náttu yfir vetrartímann.....	23
Tafla 17 Fjöldi náttu yfir sumartímann.....	23
Tafla 18 Nýting á þjónustu á svæðinu.....	24
Tafla 19 Samantekt gistinætur og mannfjöldi.....	25
Tafla 20 Samantekt á mannfjölda.....	26

Myndaskrá

Mynd 1 Borgarnes tekin af commons.wikimedia.org.....	4
Mynd 2 Borgarbyggð tekin af wikiwand.com.....	3
Mynd 3 Skorradalur tekin af landogsaga.is.....	4
Mynd 4 Borgarbyggð og Skorradalshreppur tekin af sameining.is.....	5
Mynd 5 Snjómokstur 2014-2015 tekin af vegagerdin.is.....	12
Mynd 6 Ný umdæmi sýslumanns tekið af Innanríkisráðuneytinu.....	18
Mynd 7 Kjósaskarðsvegur tekið af Innanríkisráðuneytið.....	19
Mynd 8 Kaldadalsvegur tekið af Innanríkisráðuneytið.....	19
Mynd 9 Uxahryggjavegur tekið af Innanríkisráðuneytið.....	20
Mynd 10 Hótel Húsafell tekið af heimasíðu hótelsins.....	20
Mynd 11 Bifröst og Grábrók tekin af eldgos.is.....	27

1. Inngangur

Hvert sveitarfélag hefur mörgum skyldum að gegna gagnvart sínum íbúum, hvort sem það er í formi grunnþjónustu eins og umhirðu vegakerfisins, löggæslu eða almennrar þjónustu sem snýr að verslun. Nú greiða íbúar allra sveitarfélaga útsvar sem tryggir þeim aðgang að þessari þjónustu. Á heimasíðu sambands íslenskra sveitarfélaga kemur fram að meðal útsvar sveitarfélaganna á landinu árin 2014 til 2015 er 14,44% af heildartekjum hvers einstaklings með skráð lögheimili. (Samband íslenskra sveitarfélaga. 2014) Í þessu verkefni er eingöngu verið að skoða Vesturland með áherslu á Borgarfjörð og því er hugtakið “íbúi” í þessu verkefni, notað eingöngu yfir þá sem hafa skráð lögheimili innan vesturhluta landsins. Í kafla 3.2 eru settar fram upplýsingar um fasteignagjöld sem allir sumarhúseigendur þurfa að greiða til þess sveitarfélags sem sumarhúsið er skráð í.

Borgarfjörður er afar vinsæll ferðamannastaður, hvort sem það eru sumarhúsaeygndur sem dvelja stóran part sumarsins eða gestir á tjaldstæðum og gistiheimilum. Tölulegar upplýsingar um fjölda gistinguáttu eru settar upp í kafla 3.3. Mikill fjöldi ferðamanna keyrir í gegnum fjörðinn daglega og notar þar með vegakerfið og er öll úrvinnsla gagna frá Vegagerðinni sett upp í kafla 3.4. Háskólasvæðin í Borgarfirði eru með tilheyrandi fjölda nemenda sem dvelja þar staðbundið eða koma eingöngu um helgar eftir þörfum. Upplýsingar um háskólasvæðin eru settar í kafla 3.5. Allur þessi fjöldi sem upptalið er tilheyrir dulinni búsetu. Dulinn búseta er rannsóknarefni hópsins sem stendur að þessu verkefni.

Borgarfjörður er staðsettur á Vesturlandi, fjörðurinn nær frá Skarðsheiði í suðri og Haffjarðará í vestri. Innan Borgarfjarðar er sveitarfélagið Borgarbyggð sem varð til þegar Kolbeinsstaðahreppur, Hraunhreppur, Álftaneshreppur, Borgarhreppur, Borgarnes, Norðurárdalur, Stafholtstungur, Þverárlíð, Hvítársíða, Hálsasveit, Reykholtsdalur, Flókadalur, Lundarreykjadalur, Bæjarsveit og Andakíll sameinuðust í eitt sveitarfélag árið 2006 og svo Skorradalshreppur. (Borgarbyggð. e.d.) Í kafla 3.6 er farið yfir ábyrgð sveitarfélaganna gagnvart auknum straumi ferðamanna og dulinni búsetu.

Samkvæmt skýrslu sem Vífill Karlsson vann árið 2000 kemur fram að lauslega áætlaður fjöldi þeirra sem ekki eru með lögheimili í Borgarbyggð, en gista á því svæði eina nótt eða fleiri, eru um 4.000 einstaklingar á sumrin en um 1.000 manns aðra hluta ársins. (Vífill Karlsson. 2000)

Markmið þessa verkefnisins er að svara spurningunni: Hve mikil er dulinn búseta í Borgarfirði? Opinberar tölur voru notaðar til greina fjölda gistinguáttu ásamt því að rafræn spurningakönnun var send á fyrirfram valin hóp sumarhúseigenda. Í kafla 4 eru settar upp niðurstöður

fyrirnefndrar könnunar. Heildarniðurstöður verkefnisins eru settar upp í töflur í kafla 5. Við unnum verkefnið með góðum ábendingum frá Vífli Karlssyni sem mikið hefur rannsakað málefni Vesturlands í heild.

2. Aðferðafræðin

Aðferðafræði þessarar rannsóknar hefur tekið sífelldum breytingum allt frá því að ákveðið var að taka fyrir verkefnið *Dulin búseta í Borgarbyggð*. Ýmsir annmarkar reyndust á að takmarka sig við svo lítið svæði, svo lokaniðurstaðan varð að dulin búseta á Vesturlandi er skoðuð, þó með aðal áherslu á Borgarfjörðinn. Er rannsóknin því aðferðablönduð þar sem að stuðst verður við meginlegar og eigindlegar aðferðir, safnað var saman upplýsingum í gegnum fræðsluefni og tölulegar upplýsingar.

Haft var samband við sveitastjóra Borgarbyggðar, starfsmann Hagstofunnar ásamt umsjónaraðila húsnæðissviðs háskólanna á svæðinu við öflun upplýsinga. Lögð var rafræn skoðanakönnun fyrir fyrirfram valinn hóp sumarhúsaeygenda á svæðinu og niðurstöður bornar saman við mannfjöldatölur hjá Hagstofunni, af heimasíðum Borgarbyggðar og Skorradalshrepps. Skoðanakönnunin var send út rafrænt í gegnum tölvupóst á sumarhúsaeygendum í Skorradal og sett inn á heimasíður sumarhúsaeygenda í Borgarbyggð. Spurðar voru fjórar hnitmiðaðar spurningar til að auka líkur á svörum og var könnunin opin í 8 daga. Ættingi eins hópmeðlimisins útvegaði lista yfir sumarhúsaeygendum í Skorradal sem síðan var stuðst við. Notaður var einnig veraldarvefurinn til þess að afla upplýsinga og koma þannig fyrirnefndu könnun til annarra sumarhúsaeygenda í Borgarbyggð.



Mynd 2 Borgarbyggð tekin af wikiwand.com

Höfundar leitast við að fá góða mynd af þeim straumi fólks sem dvelur í Borgarfirði í skemmri eða lengri tíma, með því að nota gögn frá Hagstofunni og Þjóðskrá ásamt því að leggja fram rafræna spurningakönnun fyrir sumarhúsaeygendum í Skorradal og Borgarbyggð. Góðar upplýsingar fengust einnig frá Vegagerðinni sem hefur gert tölur og samantektir afar

aðgengilegar á heimasíðu sinni. Reynt var að fá sem flest önnur svör í gegnum símtal eða tölvupóst, en gekk það ekki alltaf eftir.

Upplýsingar sem fást úr þessari rannsókn geta gagnast sveitarstjórnnum svæðisins ásamt verslun og þjónustu í Borgarfirði á ýmsa vegu. Í fyrsta lagi verður fjallað um dulda búsetu út frá gistiskýrslum frá Hagstofu Íslands, því næst verður fjallað um hana út frá vegaupplýsingum, það er fjölda bíla og snjómokstri, aðeins er litið til háskólasvæðanna og að lokum er lögð áhersla á að kanna dulda búsetu út frá sumarhúsaeygendum í Skorradal.



Mynd 3 Skorradalur tekin af landogsaga.is


Við úrvinnslu á gögnum þá mat hópurinn svörun út frá fjölda svara við hverja einstöku spurningu. Með því er hægt að áætla hversu margir dvelja í Skorradal yfir sumartímabilið annarsvegar og vetrartímabilið hins vegar. Einnig mun það leiða í ljós hversu margir sumarhúsaeygendum notfæra sér þjónustu og verslanir ásamt aðstöðu Borgarbyggðar fyrir utan skráða íbúa svæðisins. Geta verslunareygdur á svæðinu því nýtt sér þessar upplýsingar til frekari uppbyggingar.

2.1 Fræðilegir annmarkar.

Skýrslan inniheldur ekki tæmandi upplýsingar um dulda búsetu í sumarhúsum á svæðinu. Einnig var ekki hægt að afla upplýsinga um fjölda farþega í hverjum bíl eða Borgfirðinga sem vinna utan sveitarfélagsins. Aðferðarfræði Hagstofunnar veldur því að erfitt er að sundurliða einstaka upplýsingar, hvort sem um er að ræða tímabil eða landshluta.

3. Dulin búseta

Borgarfjörður er á Vesturlandi, svæðið sem við rannsókuðum helst er frá Skarðsheiði í suðri til Haffjarðarár í vestri. Undir þetta svæði fellur Borgarbyggð sem er sameinað sveitafélag Kolbeinsstaðahrepps, Hraunhrepps, Borgarhrepps, Álftaneshrepps, Borgarness, Norðurárdals, Stafholtstungu, Hvítársíðu, Þverárhliðar, Hálsasveitar, Reykholtsdals, Flókadals, Lundarreykjadals, Andakíls og Bæjarsveitar en þessar sveitir voru sameinaðar árið 2006. Auk þess er Skorradalshreppur tekinn með í rannsóknina. Helstu þéttbýliskjarnar í Borgarfirði eru Borgarnes, Hvanneyri, Bifröst og Kleppjárnsreykir. Bæði á Hvanneyri og Bifröst eru háskólaþorp. Myndin hér að neðan sýnir hvaða svæði tekin voru fyrir.




Mynd 4 Borgarbyggð og Skorradalshreppur tekin af sameining.is

Borgarbyggð er 4962 km² sem gerir það að sjötta stærsta sveitafélagi landsins með samtals 3.539 íbúa 1.janúar árið 2015, samkvæmt tölum Hagstofunnar. Í Borgarbyggð eru margar stórar sumarhúsabyggðir og eru þar alls 1.303 sumarhús samkvæmt nýjustu tölum frá árinu 2013 sem gera 10,3% allra sumarhúsa á landinu og er aðeins á tveimur öðrum stöðum á landinu fleiri sumarhús, það er í Bláskógabyggð og Grímsnes- og Grafningshreppi.

Skorradalshreppur er 25 km langur frekar þröngur og hlykkjóttur dalur nema rétt neðst þar er töluvert undirlendi. Eftir miðjum dalnum liggur Skorradalsvatn rúmlega 16 km langt. Íbúar Skorradalshrepps eru 62 samkvæmt nýjustu upplýsingum frá Hagstofu Íslands. Mikill og fallegur skógur er í dalnum bæði náttúrulegur og ræktaður. Skógurinn og Skorradalsvatn skapa


mikið aðdráttarafl sem hefur leitt til mikillar uppbyggingar sumarhúsabyggðar í dalnum og virðast vinsældar hans ekkert vera að minnka.

Tafla 1 Fjöldi sumarhúsa Heimild: Þjóðskrá Íslands



Stefnir allt í að sú uppbygging muni halda áfram á næstu árum miðað við aðalskipulag þeirra sem nú er verið að vinna fyrir sveitarfélagið. (Skorradalshreppur. 2013) Alls 527 sumarhús voru í Skorradal árið 2013 samkvæmt Þjóðskrá Íslands. Sem þýðir að í Skorradal eru 4,19% allra sumarhúsa á landinu. Samtals eru því 1.830 sumarhús í Borgarfirði eða 14,5 % allra sumarhúsa á landinu. (Þjóðskrá. 2009)

Tafla 2 Fjöldi sumarhúsa Heimild:Þjóðskrá Íslands



Á töflu 15 sést að langflestu sumarhúsin eru á Suðurlandi en Vesturland kemur þar næst á eftir með fjölda sumarhúsa. Þessar opinberu upplýsingar eru frá Þjóðskránni og hafa ekki verið uppfærðar síðan 2009 og má ætla að uppbygging hafi verið töluverð síðastliðinn 6 ár.

3.1 Fyrri rannsóknir


Dulin búseta á Vesturlandi og þá sérstaklega í Borgarfirði hefur töluvert verið rannsökuð í gegnum árin og stendur þar Vífill Karlsson fremstur í flokki. Vífill hefur gert margar rannsóknir og skrifað fjölda skýrslna um hin ýmsu málefni Vesturlands, sérstaklega fyrir Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi þar sem hann hefur starfað sem ráðgjafi síðan árið 2000. (Vífill Karlson, 2014). Einnig hefur viðfangsefnið dulin búseta verið rannsakað í öðrum verkefnum, meðal annars gaf hópur frá Háskólanum á Bifröst út skýrslu árið 2011 þar sem athuguð var dulin búseta og sérstaklega áhrif hennar á lög- og heilsugæslu. Skýrslan vakti nokkra athygli og voru nemendurnir, sem skrifuðu skýrsluna, kallaðir á fund Byggðaráðs til að útskýra niðurstöður sínar. (Skessuhorn. 2011).

Borgarbyggð sendi í mars árið 2011 frá sér aðalskipulag fyrir árin 2010 til ársins 2022. Þar má finna ýmsar upplýsingar um framtíðarsýn sveitarfélagsins og má þar einnig finna íbúafjöldaspá, sem Vífill Karlsson vann fyrir sveitarfélagið árið 2007. Samkvæmt hóflegri spá má gera ráð fyrir að í lok tímabils skýrslunnar eða árið 2021, verði íbúar Borgarbyggðar um 4.200 talsins. Þá er ekki tekið með í reikning sù dulda búseta sem fylgir fjölgun á háskólasvæðunum, Bifröst og Hvanneyri, þó fjölgun árin fyrir útgáfu skýrslunnar hafi verið hröðust á þessum svæðum. (Borgarbyggð. 2011)

Í Borgarfirði eru fjórir þéttbýliskjarnar og er þar Borgarnes lang stærstur og sækja allir einhverja þjónustu þangað en þar er heilsugæsla, lögregla, grunnskólar, verslanir og fleira.

Í töflunni hér að neðan sést hvernig dreifing skráðra íbúa er eftir þessum þéttbýliskjörnum. Ekki sést á þessari töflu sá fjöldi sem búa í háskólaþorpunum (Hagstofan. 2015).

Tafla 3 Íbúafjöldi eftir byggðakjörnum Heimild: Hagstofan



Hver einstaklingur sem er skráður með lögheimili í Borgarfirði, íbúi, greiðir útsvar til síns sveitarfélags og þar með tryggir sinn aðgang að allri grunnþjónustu sveitarfélagsins. Útsvar er tekjuskattur sem hvert sveitarfélag dregur af launum allra þeirra sem afla tekna.

Tafla 4 Útsvar sveitarfélaganna Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Nr	Sveitarfélag	2014	2015
3506	Skorradalshreppur	12,44%	12,44%
3511	Hvalfjarðarsveit	13,64%	13,64%
3609	Borgarbyggð	14,52%	14,52%

Eins og sést á töflu 2 borgar hver íbúi þessara sveitarfélaga allt frá 12,44%-14,52% af sínum heildartekjum til síns sveitarfélags. Einn af tekjustofnum hvers sveitarfélags er útsvar sem íbúarnir greiða. (Samband íslenskra sveitarfélaga. 2014)

Ólíkt mörgum stöðum á landsbyggðinni þá hefur fjöldi íbúa í Borgarfirði haldist nokkuð jafn frá árinu 2010 bæði í Borgarbyggð og Skorradalshrepp. (Hagstofa Íslands. 2015).

Í Skorradalshrepp undanfarin 5 ár hefur íbúafjöldinn verið að meðaltali 59 manns en í Borgarbyggð hefur meðalíbúafjöldinn verið 3.505 einstaklingar.

Áhrif þess að Skorradalshreppur býður nú uppá eitt lægsta útsvar allra sveitarfélaga birtist vel í frétt frá 3. desember árið 2014, þar sem fjallað er um að fólk sé farið að flytja lögheimili sín í hreppinn og þar af leiðandi borga lægri skatta. (Vísir. 2014) Slík skekkja getur haft áhrif á mat dulinnar búsetu.

3.2 Fasteignagjöld

Eigendur fasteigna greiða sveitarfélaginu sínu fasteignagjöld, upphæð sem sveitarfélagið ákvarðar. Fasteignagjöld eru byggð á prósentutölu af fasteignamati. Þetta gildir jafnt um eigendur sumarhúsa, sem og fasteignaeigendur með lögheimili í sveitarfélaginu. Í Borgarbyggð og Skorradalshrepp eru fasteignagjöldin samkvæmt töflu. (Borgarbyggð, 2015). (Skorradalur, 2014).

Tafla 5 Fasteigna- og sorphirðugjöld Heimild: borgarbyggd.is

Sveitarfélag	Fasteignagjöld	Árlegt sorphirðugjald sumarhúsa pr. hús
Borgarbyggð	0,49%	15.300,-kr
Skorradalshreppur	0,50%	7.500,-kr

Ef skoðaðar eru tölur um fasteignamat á svæðinu sést að meðalfasteignamat í Borgarbyggð er um 12,5 milljónir á eign, en 9,5 milljónir á eign í Skorradalshrepp, sem er 3 milljóna króna mismunur á fasteignamati. (Þjóðskrá Íslands, 2014). Engu að síður er ekki nema 10 til 15 km á milli þessara tveggja sveitarfélaga. Ef þetta er lagt saman kemur í ljós að hver fasteignaeigandi í Borgarbyggð greiðir að meðaltali 61.250,- krónur í fasteignagjöld og í Skorradalshrepp er það 47.500,- krónur á meðaltal á hvern fasteignaeiganda. Ef sorphirðugjaldið er lagt saman við þessi gjöld eru þetta samtals 76.448,-krónur á fasteignaeiganda í Borgarbyggð og 55.000,-krónur í Skorradalshrepp. Miðað við fjölda sumarhúsa á svæðunum eru þetta tekjur til sveitarfélagsins upp á 99.611.744,-milljónir króna í Borgarbyggð og 28.985.000,-milljóna króna í Skorradalshrepp.


3.3 Gistinætur

Þegar skoðuð er dreifing gistinátta á hótelum, gistiheimilum, tjaldsvæðum og orlofshúsum á Vesturlandi sést strax glögglega að það er heilmikill fjöldi fólks aukalega á svæðinu yfir allt árið, þó sérstaklega yfir sumartímann. Hver einstaklingur sem gistir eina nótt er skráður sem ein gistinótt samkvæmt skilgreiningu Hagstofu Íslands. Ef sami einstaklingur gistir 2 eða fleiri nætur þá er sá einstaklingur skráður sem tvær eða fleiri gistinætur. Því er ekki hægt að segja að heildarfjöldi skráðra gistinátta á svæðinu sé auka fólksfjöldinn í það heila. Engu að síður eykst mannfjöldinn gríðarlega yfir sumarmánuðina í Borgarfirði.

Þegar Hagstofan gefur út sínar tölur um gistinætur í orlofshúsum á Vesturlandi setja þeir inn í þær tölur önnur landsvæði, það er Suðurnes og Vestfirðir. Eftir að hafa rætt við starfsmann


Hagstofunnar, Magnús Kára Bergmann - Deildarstjóra, kom í ljós að ekki eru til sér tölur um eingöngu Vesturland til að senda út, en starfsmaðurinn lét vita að 90% af öllum gögnunum um gistinætur á Vesturlandi, Suðurnesjum og Vestfirðum tilheyra eingöngu Vesturlandi. Magnús Kári Bergmann (munnleg heimild, 08. júní 2015).

Tafla 6 Gistinætur á Vesturlandi Heimild: Hagstofa Íslands




Samkvæmt tölum Hagstofunnar sem eru settar upp í töflu hér að neðan er júlí mánuður langvinsælasti mánuður ársins fyrir gesti tjaldsvæðanna með 27.187 gistinætur sem þýðir fjölda uppá 877 manns á hverja nótt bara í júlímánuði. Hver gistinótt tákna einn einstakling. Ekki kemur fram í tölum Hagstofunnar um hversu mörg tjöld eru á hverju tjaldsvæði fyrir sig heldur er hver einstaklingur talinn. (Hagstofan. 2014)

Tafla 7 Gistinætur á tjaldsvæðum Heimild: Hagstofa Íslands




Við greiningu á þessum gögnum verður að taka tillit til þess að ekki eru öll tjaldsvæðin á Vesturlandi opin allt árið um kring. Sum bjóða eingöngu uppá sumaropnun á meðan önnur eru með nákvæmari dagsetningar yfir opnunartíma. (Tjalda. e.d)

Tafla 8 Gistinætur í orlofshúsum Heimild: Hagstofa Íslands



Ef tekið er saman hve margir eru að gista á tjaldstæðum, orlofshúsum, hótélum og gistiheimilum yfir heilt ár þá eru þetta 322.738 gistinætur bara á Vesturlandi og þegar skoðað er svo eingöngu júlí mánuður þá voru þar 88.742 gistinætur, hver gistinótt tákna einn einstakling. Ef þeim er deilt jafnt yfir mánuðinn eru niðurstöðurnar þær að hverja nótt voru að gista ca. 2.862 auka einstaklingar á Vesturlandi. Samkvæmt nýjustu tölum Hagstofunnar, sem eru uppfærðar 1.janúar ár hvert, búa 15.556 manns á öllu Vesturlandi. Með því að taka tölurnar saman kemur í ljós að 18,4% af heildaríbúafjölda Vesturlands bætist við í júlímánuði. Þessar tölur sýna því glögglega að mikil fólksfjölgun er á svæðinu yfir sumartímann. (Hagstofan. Janúar, 2015)


Tafla 9 Gistinætur alls 2014 Heimild: Hagstofa Íslands



Á töflu 9 sést vel hve mikil aukning er yfir sumarmánuðina eða frá júní fram í ágúst. (Hagstofan. 2014)

3.4 Vegakerfið

Vegakerfið í Borgarfirði er afar umfangsmikið. Auk Þjóðvegs 1, sem liggur þvert í gegnum Borgarbyggð, eru fjölmargir meðalstórir og minni vegir. Minni vegirnir liggja margir um svæði sem eru skilgreind sem frístundabyggð, sem sagt sumarhúsasvæði. Samkvæmt korti á heimasíðu Vegagerðarinnar má sjá hvaða vegir falla undir ábyrgð Vegagerðarinnar og hvaða vegir eru í svokölluðum helmingsmokstri



Mynd 5 Snjómokstur 2014-2015 tekin af vegagerdin.is

Helmingsmokstur er að hálfu greiddur af sveitarfélaginu og lýtur að öðru leiti þessum reglum:


„2.1 Regla um helmingamokstur

Vegagerðin hefur skilgreint þá vegi þar sem heimilt er að beita helmingamokstursreglu. Þessa vegi er heimilt að moka með kostnaðarþátttöku Vegagerðarinnar að hámarki þrisvar sinnum í viku, meðan fært þykir vegna veðráttu og snjóþyngsla. Vegagerðin greiðir þá helming kostnaðar þegar bedið hefur verið um moksturinn og greiðsla mótaðila hefur verið tryggð, enda komi moksturinn fleiri vegfarendum til góða en þeim, sem um hann biður. Óskir sveitarfélaga um slíkan mokstur skal að jafnaði ganga fyrir óskum einstaklinga. Á vegum með tveggja daga mokstri er heimilt að bæta við einum degi í helmingamokstri. Regla þessi gildir aðeins að býlum með vetursetu. Kostnaður við allan annan mokstur, umfram það sem ofangreindar reglur segja til um, skal greiddur af viðkomandi sveitarfélagi eða þeim sem óska eftir viðbótarmokstri“. (Vegagerðin,e.d)

Samkvæmt upplýsingum fengnum frá fjármálastjóra Borgarbyggðar, þá notaði sveitarfélagið á árunum 2011 til 2014 að meðaltali 8.172.616 krónur á ári í snjómokstur og hálfkuvarnir. Eiríkur Ólafsson (munnleg heimild, 4. júní 2015). Felur sú tala í sér helmingsmokstur auk vega sem falla alfarið út fyrir ábyrgðarsvið Vegagerðarinnar.


Ekki er hægt að fá nákvæmar tölur yfir hversu mikið Vegagerðin notar í vetrarþjónustu í Borgarbyggð einni og sér, en í skýrslum sínum deila þeir landinu í fjögur svæði.

Tafla 10 Vegakerfi sem Vegagerðin annast Heimild: Vegagerðin




Borgarbyggð fellur þar undir vestursvæði, þar sem er alls 3.263 kílómetrar af vegum á ábyrgð Vegagerðarinnar. Á vestursvæði var árið 2013 notaðar 621 milljónir króna í vetrarviðhald. (Vegagerðin, 2015)

Tafla 11 Skipting kostnaðar við vetrarviðhald Heimild: Vegagerðin



Ef skoðuð er stærð sveitarfélaganna á Vesturlandi sést að þau eru jafn mismunandi og þau eru mörg. Þar er Borgarbyggð langstærst, eða 52% af svæðinu og Dalabyggð næst á eftir með 25%. (Landmælingar Íslands, e.d.)


Tafla 12 Stærð sveitarfélaga á Vesturlandi Heimild: Hagstofa Íslands



Ef þessar tölur eru reiknaðar með tölum Vegagerðarinnar um vetrarviðhald á svæðinu mætti áætla að rúmlega 52% fari í vetrarviðhald í Borgarbyggð, eða að lágmarki 322.920.000. Þó að Borgarbyggð sé 52 % af Vesturlandi má áætla að þessi tala sé lágmarksupphæð þar sem þjóðvegur 1 fer í gegnum allt sveitarfélagið, ólíkt Dalabyggð.

Vegagerðin hefur ýmis gögn um umferð á landinu. Þessi gögn koma meðal annars frá um 353 umferðarteljurum, sem staðsettir eru víðsvegar um landið. Nokkrir þeirra eru staðsettir í Borgarbyggð og gefa þeir nokkuð góða yfirsýn yfir umferð í sveitarfélaginu. Mælar staðsettir undir Hafnarfjalli og á Holtavörðuheidi mæla eingöngu umferð í aðra áttina, þess vegna hafa mælar staðsettir við Hafnarmela og Hvassafell verið valdir í verkefni þessu. (Vegagerðin, 2014).

Tafla 13 Meðalfjöldi bíla á dag Heimild: Vegagerðin




Mælar staðsettir við Hafnarmela til norðurs sýna umferð sem er á leið að sunnan í átt að Borgarfirði. Mælar staðsettir við Snæfellsnesveg til norðurs telja þá bíla sem keyra út úr Borgarfirði í átt að Snæfellsnesi og mælar við Hvassafell norður eru staðsettir rétt ofan við Háskólann á Bifröst og ættu því að gefa góða mynd um umferð út úr Borgarfirði upp á Holtavörðuheidi auk Bröttubrekku sem er norðan Hvassafells. Í suðurátt sýna mælar við Snæfellsnesveg og Hvassafell umferð í átt til Borgarfjarðar, en mælir við Hafnarmela telur þá umferð sem fer í gegnum Borgarfjörðinn og áfram suður í átt að Akranesi og Reykjavík. Út frá þessum tölum frá árinu 2014 mætti álykta að á meðaldeggi hafi um 444 bílar á norðurleið stoppað í Borgarfirði og 394 bílar á suðurleið. Taka verður til athugunar að einhverjir af þessum bílum eru íbúar svæðisins að fara til vinnu eða sækja sér þjónustu utan sveitarfélagsins. Ef teknar eru tölur vetrartímabils og sumartímabils og bornar saman þá eru þetta 379 bílar að vetrarlagi á norðurleið og 345 á suðurleið. Að sumarlagi eru það 528 á norðurleið og 444 á suðurleið.

Ef farið er 10 ár aftur í tímann og skoðaðar tölur frá 2004, sést að meðalfjöldi bíla hefur aukist. Meðalfjöldi yfir árið hefur aukist um 236 bíla á dag á norðurleið og 267 á suðurleið um

Hafnarmela. Af þessum tölum mætti áætla að fjöldi bíla sem stoppar í Borgarfirðinum hafi aukist um 110 á norðurleið og 92 á suðurleið frá árinu 2004.

Tafla 14 Meðalfjöldi bíla á dag Heimild: Vegagerðin



Ef gefin er sú forsenda að helmingur bílanna séu ferðamenn eða gestir á leið í Borgarfjörð og tveir séu í hverjum þessara bíla, þá þýðir þetta 724 gestir daglega á veturnar og 972 að sumri til. Má áætla samkvæmt þessum umferðartölum að dulin búseta sé þá um 20% að vetri og 27% að sumri.

3.5 Háskólasvæðin

Eitt af helstu umræðuefnum þegar kemur að dulinni búsetu í Borgarbyggð, eru háskólasvæðin. Í sveitafélaginu eru bæði Háskólinn á Bifröst og Landbúnaðarháskóli Íslands á Hvanneyri. Þar stundar fjöldi fólks nám og margir búa á nemendagörðunum. Samkvæmt tölum hagstofunnar eru 208 með skráð lögheimili í byggðakjarnanum Bifröst og 260 á Hvanneyri. (Hagstofa, 2015) Ef skoðuð eru kort já.is sést að margar af íbúðum nemendagardanna eru ekki með skráð símanúmer. Mætti draga þá ályktun að margir séu ekki með lögheimili á staðnum, þrátt fyrir að búa þar stóran hluta ársins. Samkvæmt upplýsingum frá húsnæðissviði Háskólans á Bifröst eru um 200 rými til leigu á nemendagörðum Bifröst, þar af 48 herbergi sem leigð eru til skiptinema. Nýting á þessu rýmum er mjög mismunandi, en samkvæmt stikkprufu sem tekin var í febrúar 2015 var nýting á þeim tíma 60-65%. Margrét Vagnsdóttir (Munnleg heimild, 10. júní 2015). Ef dæmið er reiknað voru þá um 130 rými í útleigu í febrúar, 100 íbúðir af mismunandi stærð og 30 herbergi. Ef þessar tölur eru reiknaðar út frá tölum hagstofunnar um fjölskyldugerð má áætla að minnsta kosti 208 manns búi í íbúðunum, sé gefin sér sú forsenda að hver fjölskylda eigi einungis eitt barn. Þá er ekki gert

ráð fyrir að hluti af 90 starfsmönnum háskólans og fjölskyldur þeirra, búi mögulega á svæðinu. (Bifröst, 2015)

Á heimasíðu Landbúnaðarháskóla Íslands, sem staddur er á Hvanneyri, fást þær upplýsingar að 86 rými eru til leigu á nemendagörðum þar. (Lbhí, 2015). Ekki hefur tekist að nálgast upplýsingar um nýtingu á þeim rýmum, en samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu voru 223 nemendur í dagnámi við skólann árið 2013. (Hagstofa, 2015). Mætti álykta út frá þessum tölum að mörg þessara rýma séu í útleigu. Einnig sést á heimasíðu skólans að starfsmenn eru 77 talsins. (Lbhí, 2015).


Ef dregin er lokaniðurstaða af þessum tölum og gefin sú forsenda að helmingur af starfsmönnum Háskólans á Bifröst búi á svæðinu, ásamt maka og einu barni, má áætla að dulin búseta á Bifröst sé um 135 manns. Það er 65% aukning miðað við skráða íbúa byggðarkjarnans og eru þá skiptinemar og fjarnemar, sem nýta sér herbergjaleigu í lengri eða skemmri tíma, ekki reiknaðir með.

Þegar dregin er grófleg niðurstaða af tölum Landbúnaðarháskólans og sömu forsendur gefnar og hjá Bifröst, má áætla að dulin búseta þar sé um 115 manns eða 44%.

3.6 Ábyrgð sveitarfélaga

Þann 31. október 2014 sendi Kolfinna Jóhannesdóttir sveitarstjóri Borgarbyggðar erindi til Fjárlaganefndar Alþingis sem innihélt ósk um sérstaka fjárveitingu vegna viðhalds og uppbyggingu vega í Borgarfirði. Ljóst er að vegna byggingu hótels í Húsafelli ásamt opunar ísgangnanna í Langjökli mun ásókn ferðamanna aukast gífurlega í Borgarfirði og þar af leiðandi valda miklu álagi á vegakerfið, löggæslu og þjónustu sveitarfélagsins. (Alþingi, 2014)

Um síðustu áramót skrifaði Dómsmálaráðherra undir reglugerð um lögreglumdæmi lögreglustjóra. Kom þar fram meðal annars hvar aðalstöð lögreglustjóra hvers umdæmis skuli vera. (Innanríkisráðuneytið, 2014)



Mynd 6 Ný umdæmi sýslumanns tekið af Innanríkisráðuneytinu

Eftirfarandi umdæmi tilheyra lögreglustjóranum á Vesturlandi: Akraneskaupstaður, Hvalfjarðarsveit, Skorradalshreppur, Borgarbyggð, Snæfellsbær, Eyja og Miklaholtshreppur, Grundarfjarðarbær, Helgafellssveit, Stykkishólmsbær og Dalabyggð. Var samþykkt að embætti lögreglustjóra og sýslumanns skyldi fært til Borgarness. Ekki voru allir sammála þessari reglugerð og mótmælti Akraneskaupstaður harðlega þessum áformum. Tóku þeir fram að Akranes er langfjölmennasta bæjarfélagið í umdæminu. (Akranes. 2014)

Ekki voru sveitarstjórnarmenn Borgarbyggðar sammála þeirra rökfærslu og bentu á að byggðarkjarninn í Borgarnesi er á miðsvæði umdæmisins ásamt því að vegna fjölda sumarhúsa á svæðinu og ferðamanna tvöfaldist íbúafjöldi svæðisins.

Í umsögn sem sveitarstjórn sendi með reglugerðinni áður en hún var samþykkt stóð meðal annars “að ekki megi gleyma dulinni búsetu”. (Rúv. 2014)

Einn meðlimur hópsins hafði samband við Kolfinnu Jóhannesdóttir til að fá hennar álit sem sveitarstjóra Borgarbyggðar og hafði hún þetta um málið að segja:

"Á þessu ári höfum við í sveitarstjórn Borgarbyggðar þrýst mjög á aukið fjármagn til uppbyggingar og viðhalds vega vegna aukinnar umferðar ferðamanna um héraðið. Við höfum fengið jákvæð viðbrögð gagnvart því að sett verði aukið fjármagn í viðhald vega frá Húsafelli inn að Langjökli í tengslum við aukna umferð vegna opnunar ísgangna. Þá hefur ríkisstjórnin samþykkt viðbótarfjárveitingu í fjölfarna ferðamannavegi utan alfaraleiðar s.s Kaldadalsveg

og Uxahryggjaveg. Þá skiptir miklu máli staðsetning nýs lögreglustjóraembættis í Borgarnesi og að nú er hér sólarhringsvakt. Löggæsla hefur verið eflað til muna sem skiptir svæðið miklu máli í tengslum við vaxandi umferð ferðamanna, fjölda sumarhúsaferfa og umferðar um hringveginn.". Kolfinna Jóhannesdóttir (munnleg heimild, 14. júní 2015).

Í frétt sem birt er á vef innanríkisráðuneytisins í maí á þessu ári kemur fram að samþykkt hefur verið að setja 1,8 milljarð íslenskra króna til áriðandi úrbóta á vegakerfi landsins að auki við þær framkvæmdir sem nú þegar var búið að samþykkja.

Þessi auka fjárveiting er sett í fjóra vegi sem eru, Dettifossvegur, Kjósarskarðsvegur, Uxahryggjavegur ásamt Kaldadalsvegur.



Mynd 7 Kjósarskarðsvegur tekið af Innanríkisráðuneytið

Kjósarskarðsvegur liggur á milli Þingvalla og Hvalfjarðar og er því mikilvægt að sá vegur sé í góðu standi til að dreifa því mikla álagi sem á er vegum nærri Þingvöllum. Unnið er að því að binda slitlag og klára þann helming sem eftir er að laga. (Innanríkisráðuneytið. 2015)



Mynd 8 Kaldadalsvegur tekið af Innanríkisráðuneytið

Kaldadalsvegur, sem er vegurinn á milli Þingvalla og Húsafells, fær einnig bundið slitlag þar sem hann er uppbyggður.



Mynd 9 Uxahryggjavegur tekið af Innanríkisráðuneytið

Einnig fær Uxahryggjavegur uppbyggingu eins og fjármagn leyfir og lagt verður bundið slitlag.


Hægt er að segja að í þessu tilviki hafi ríkisstjórnin brugðist hratt við aukinni umferð á Vesturlandi ásamt því að hafa beiðni sveitastjóra Borgarbyggðar, Kolfinnu Jóhannsdóttir, til hliðsjónar við gerð þessarar auka fjárveitingar fyrir vegakerfið. Eins og fyrr segir er mikil uppbygging ferðaþjónustu nú á Vesturlandi, til að mynda hið nýja Hótel Húsafell og ísgöngin á Langjökli, sem hvoru tveggja mun auka umferð ferðamanna til muna.



Mynd 10 Hótel Húsafell tekið af heimasíðu hótelsins

Bæði munu innlendir og erlendir ferðamenn nýta sér vegakerfið á Vesturlandi enn meir og því er afar mikilvægt að viðhald og umbætur vegakerfisins sé í takt við aukinn fjölda. Íbúar Vesturlands munu enn fremur njóta góðs af slíkum endurbótum sem koma í kjölfar aukinnar notkunar á vegakerfinu. Samkvæmt könnun sem var framkvæmd á tímabilinu október 2013 fram til ágúst 2014 og er birt í apríl hefti Ferðaþjónustunnar kemur í ljós að Vesturland er í 4 sæti yfir vinsælasta áningarstaðinn innan lands.(Ferðamálastofa. 2015)

Tafla 15 Landsvæði og staðir Heimild: Ferðamálastofa



Skóðaður var ársreikningur Borgarbyggðar til að fá betri heildarsýn yfir tekjur og gjöld í þeim flokkum sem tengjast dulinni búsetu á einn eða annan hátt. Tafla 15 hér að neðan sýnir skiptinguna á tekjum og gjöldum eftir nokkrum flokkum. Því miður fundust ekki samskonar upplýsingar fyrir Skorradalshrepp og virðist ársreikningur þeirra ekki vera aðgengilegur.

Borgarbyggð	Umferðar- og samgöngumál	Sorphirða	Brunamál og almannavarnir	Hreinlætismál	Umhverfismál
Tekjur	6.881	83.161	5.807	16.823	3.959
Gjöld	85.241	81.292	35.831	14.914	42.979

Það er áhugavert að sjá að tekjur eru hærri en gjöld í sorphirðuliðnum sem gæti bent til fjölda allra þeirra sumarhúsa sem greiða sorphirðugjald á svæðinu. Á móti kemur að bæði umferðar- og samgöngumál ásamt bruna og almannavarnir eru með mun hærri gjöld en tekjur sem má rekja beint til fjölda ferðamanna á svæðinu og þar með til dulinnar búsetu. Dulin búseta er því að hafa áhrif á fjármál Borgarbyggðar.

4. Spurningakönnun


Þann 8.júní var send út rafræn skoðanakönnun til fyrirfram valins hóps sumarhúsaeigenda í Skorradal sem innihélt aðeins fjórar stuttar spurningar.

1. Hversu margar nætur dvelurðu í sumarhúsi þínu yfir vetrartímann? (september- maí)
2. Hver margar nætur dvelurðu í sumarhúsi þínu yfir sumartímann? (júní- ágúst)
3. Þegar þú dvelur í sumarhúsinu, nýtirðu þér þá þjónustu sem er í boði á svæðinu?
4. Ef já, hvaða þjónustu.

Könnunin var opin í rúma viku eða fram til miðvikudagsins 17. júní og svöruðu alls 18 einstaklingar sem var heldur færri en búist var við. Flestir svöruðu að þeir dveldu 0-20 nætur í sumarhúsum sínum yfir vetrartímann á móti því að yfir sumartímann þá dvelja flestir 10-20 eða 30-40 nætur í sumarhúsum sínum. Flestir nýta sér einhverja þjónustu á svæðinu eða 12 af 18. Að lokum var svo spurt hvaða þjónustu það væri sem fólk væri að nýta sér og voru svörin öll frekar svipuð. Það sem stóð upp úr var notkun á þjónustu verslana og sundlauga, en einnig voru nefnd golfvöllur, veiði og iðnaðarmenn. Sumarhúsaeigendur eru því að skilja eftir sig töluverðar fjárhæðir í þjónustu á svæðinu.


Til að auðvelda úrlestur niðurstaðna spurninganna voru þær settar upp í eftirfarandi töflur:

Tafla 16 Fjöldi náttu yfir vetrartímann




Flestir aðspurðra eða 44% gista 0-10 nætur yfir vetrartímann. Næst þar á eftir eða 38% aðspurðra gista 10-20 nætur yfir vetrartímann. Athygli vekur að 1 eigandi gistir 50 nætur eða fleiri yfir vetrartímann. Ekki er hægt að segja hve margir eru í hverju sumarhúsi fyrir sig og gæti aukningin á mannfjöldanum verið töluvert meiri. Eingöngu var spurt hversu mikið eigandi sumarhússins nýtti sér eign sína yfir árið.

Tafla 17 Fjöldi náttu yfir sumartímann



Þegar spurt er um fjölda gistinátta yfir sumartímann er töluverð aukning frá vetrartímanum. Fimmföld aukning er hjá þeim sem gista 30-40 nætur yfir sumartímann sé miðað við fyrri spurningu. Á móti kemur að tveimur færri aðspurðra gista 10-20 nætur.

Tafla 18 Nýting á þjónustu á svæðinu



Af þeim sem svöruðu já við spurningunni um hvaða þjónustu viðkomandi nýtti sér á svæðinu svöruðu 7 af 10 eða 70 % að þeir nýttu sér verslanir. Með því að áætla út frá þessum niðurstöðum að 7 af hverjum 10 nýta sér verslanirnar á svæðinu er hægt að segja að verslun nýtur góðs af dulinni búsetu. Samkvæmt *Árbók verslunarinnar 2014* sem er gefið út af Rannsóknarsetri Verslunarinnar, er hlutfallsleg aukning verslunarrýmis mest í Borgarbyggð árið 2013 eða 11,7% aukning. (Rannsóknarsetur verslunarinnar. 2014)

5. Heildarniðurstöður

Þegar teknar eru svo saman þær tölur sem fengust með meginlegri aðferðarfræði, það er skoðanakönnun sem send var út til sumarhúsaeygenda ásamt opinberum tölum um fjölda gistinátta frá Hagstofunni þá kemur ýmislegt í ljós. Á Vesturlandi gista að meðaltali 884 manneskjur dag hvern yfir árið á hótelum, gistiheimilum, tjaldsvæðum og orlofshúsum sem er aukning upp á 5,7% miðað við íbúafjölda. En það er alveg ljóst að flestar þessar gistinætur eiga sér stað yfir sumartímenn og er þar júlímánuður stærstur með 88.742 gistinætur eða 2.862 manns pr.nótt sem gefur okkur aukningu um 18,5% á fjölda fólks á svæðinu bara í júlí. Þetta eru tölur uppgefnar frá Hagstofu Íslands um heildarfjölda gistinátta á Vesturlandi. Dulin búseta á Vesturlandi yfir árið er því 884 auka manneskjur aðeins á gististöðum og þá eru ekki háskólasvæðin tekin með.

Tafla 19 Samantekt gistinætur og mannfjöldi

Alls gistinætur, 2014	322.738 gistinætur	884 manns pr.nótt
Alls gistinætur í júlí, 2014	88.742 gistinætur	2862 manns pr.nótt
Fjöldi íbúa á Vesturlandi, 2014	15.441 manns	18,5% aukning í júlí pr.dag 5,7% aukning yfir árið pr.dag

Erfitt reyndist að fá tölur sérstaklega fyrir Borgarfjörðinn, þar sem tölurnar sem unnið var mest með voru frá Hagstofunni og eru þær í flestum tilvikum flokkaðar eftir landshlutum; vestur, suður, norður og austur ásamt því að flokkað er eftir mánaðartímabilum og ekki alltaf þeim sömu. Í eigindlega aðferðarlutanum var haft samband við starfsmann Hagstofunnar, Magnús Kára Bergmann, en ekki var hægt að fá tölurnar meira sundurliðaðar eftir staðsetningu. Engu að síður fengust þær upplýsingar að 90% talnanna um gistingu í orlofshúsum ættu við Borgarfjörðinn. Lokaniðurstöður hafa því ákveðnar takmarkanir en gefa þó góða hugmynd um hver dulin búseta í Borgarfirði er.

Upplýsingar um fjölda íbúa á háskólasvæðunum fengust hjá Hagstofu Íslands. Þar eru með skráð lögheimili 468 manns samanlagt á svæðunum. Að staðaldri eru um 431 nemendur í 9 mánuði ársins í skólaþorpunum á Hvanneyri og á Bifröst. Samkvæmt könnun sem gerð var á notkun sumarhúsa á svæðinu þá eru að meðaltali 172 manns í sumarhúsum hvern dag yfir árið. Þá er hægt að sjá það að frá september fram til maí á meðan skólarnir eru opnir, þá eru um 603 einstaklingar aukalega á svæðinu. Þessir auka einstaklingar eru ekki með lögheimili á staðnum sem gera aukningu um 16,7% manns. En hér vantar inn í gistinætur á tjaldsvæðum, gistiheimilum og hótelum en ekki var hægt að fá þær tölur sundurliðaðar frá Hagstofunni fyrir

Borgarfjörð. Auk þess er ekki hægt að segja til um hve margir nemendur í skólaþorpunum eru með lögheimili þar eða aðeins tímabundið aðsetur.

Tafla 20 Samantekt á mannfjölda

Skólaþorpin Hvanneyri og Bifröst	431 nemandi (kennarar og starfsfólk ekki tekið með)	431 manns, 9 mánuði ársins.
Sumarhús	1.803 sumarhús	Gistinætur í sumarhúsum pr.ár 63.105/365=, 172 manns pr.dag.
Íbúafjöldi í Borgarfirði 2014	3.601 manns	172 + 431 = 603 manns auka pr.dag sept-maí ár hvert eða 16,7%.

Ef litið er á tölur um umferð á svæðinu kemur í ljós að á föstudögum og laugardögum í júlí mánuði stoppa að meðaltali 705 bílar á dag í Borgarfirði. Engar tölur eru aðgengilegar um hversu margir með lögheimili á svæðinu vinna í öðrum landshlutum og einnig geta þessir bílar verið allt frá einkabílum með einum farþega upp í fulla rútu. Ef tekið er meðaltal útfrá umferðinni á föstudögum og laugardögum í janúar kemur allt annað í ljós. Þá er meðaltal bíla sem stoppa í Borgarfirðinum einungis 168 á dag. Samræmist þetta vel tölum um gistinætur, sem sýna töluverðan mun milli árstíma. (Vegagerðin, 2014). Ef tölur frá vetrartímabilinu, þar sem ferðamannastraumur er sem minnstur, eru dregnar frá helgarumferð sumartímabilsins, má áætla að um 537 bílar séu ferðamenn/gestir á leið í Borgarfjörð. Ef gengið er útfrá þeim forsendum að lágmark tveir séu í bíl, gerir það 1.074 manns, eða aukningu upp á tæp 30% um helgar að sumri til. Út frá þessum tölum, sem þó hafa sínar takmarkanir, má gróflega reikna út að dulin búseta yfir meirihluta ársins þegar skólaþorp og sumarhús eru tekin saman að þá aukning uppá 16,7% eða 603 auka íbúar. Því miður vantar þarna inn í tölur um gistingu á tjaldsvæðum, hótélum og gistiheimilum.

Upplýsingar sem fengust af heimasíðum, Hagstofunni og í gegnum skoðanakönnun leiða því í ljós að dulin búseta er þónokkur og líklega mun meiri og duldari heldur en sést í tölum.

7.Lokaorð

Það hefur verið ákaflega áhugavert að kanna dulda búsetu á Vesturlandi með áherslu á Borgarfjörð. Þá sérstaklega hversu mikill mannfjöldinn verður yfir sumartímann og er enn að bætast við. Borgarfjörður hefur afar margt að bjóða ferðamönnum, bæði innlendum og erlendum. Mikil uppbygging á sér nú stað í firðinum bæði með komu ísgangnanna og hins nýja hótels í Húsafelli. Sumarhúsabyggðin í Skorradal og Borgarbyggð fer sömuleiðis sífellt stækkandi og hafa margir hag af því. Einnig er Borgarfjörðurinn áningastaður fyrir þá sem eru á ferð milli landshluta og því er mikilvægt að vegakerfinu sé vel við haldið.

Þeir sem geta haft gagn af þessari rannsókn eru sveitarfélögin í Borgarfirði. Því meiri upplýsingar sem sveitarfélögin fá um dulda búsetu því líklegra er að viðunandi fjárveiting sé veitt þar sem íbúafjöldinn tvöfaldast yfir hluta af sumartímanum. Það sem mætti skoða nánar er að gera skoðanakönnun sem myndi ná yfir alla sumarhúsaeygndur og þeir yrðu spurðir fleiri spurninga, sem myndi gefa dýpri og betri niðurstöður heldur en þessi rannsókn gerir.

Sú ályktun sem er dregin af niðurstöðum þessarar rannsóknar er sú að dulin búseta er töluverð og getur haft jákvæð og neikvæð áhrif á sveitarfélögin og hagsmunaðila. Jákvæðu áhrifin er þau að sveitarfélögin hagnast á greiddum fasteignagjöldum sumarhúseigenda, verslun verður meiri og aukin áhersla er lögð á vegakerfið við fjárveitingu. Neikvæðu áhrifin eru þau að erfitt er að áætla fjöldann sem býr á hverju svæði fyrir sig. Ef ekki er til heildargóðar upplýsingar um íbúafjölda á hverju svæði er ekki hægt að nýta þær tölur við uppbyggingu sveitarfélaganna. Þessi fjöldi mun eingöngu aukast ef ferðamennskan heldur áfram þeim sama vexti og hefur verið á Borgarfjarðarsvæði



Mynd 11 Bifrost og Grábrók tekin af eldgos.is

Heimildaskrá

Alþingi. (2014, október). Erindi. *Fjárveiting til uppbyggingar og viðhalds vega í uppsveitum Borgarfjarðar*. Sótt 12. júní 2015 af <http://www.althingi.is/altext/erindi/144/144-476.pdf>

Akranes. (2014, júní). Fréttir. *Bæjarráð Akraness mótmælir harðlega hugmyndum um starfsstöð lögreglustjóra á Vesturlandi*. Sótt 12. júní 2015 af <http://www.akranes.is/is/frettir/baejarrad-akraness-motmaelir-hardlega-hugmyndum-um-starfsstod-logreglustjora-a-vesturlandi>

Borgarbyggð. (e.d). *Sveitarfélagið Borgarbyggð*. Sótt 06. maí 2015 af <http://www.borgarbyggd.is/sveitarfelagid/>

Borgarbyggð. (2011). *Aðalskipulag Borgarbyggðar 2010 – 2022*. Sótt 04. júní 2015 af <http://www.borgarbyggd.is/starfsemi/adalskipulag/>

Borgarbyggð. (2011, mars). *Aðalskipulag Borgarbyggðar 2010-2022*. Sótt 10. júní 2015 af http://www.borgarbyggd.is/files/Skra_0050055.pdf

Borgarbyggð. (2015). *Álagningarreglur fasteignagjalda í Borgarbyggð 2015*. Sótt 14. júní 2015 af http://www.borgarbyggd.is/Files/Skra_0070048.pdf

Hagstofan. (2015). *Mannfjöldi*. Sótt 06. júní af <http://www.hagstofan.is/?PageID=2593&src=https://rannsokn.hagstofa.is/pxis/Dialog/varval.asp?ma=MAN02001%26ti=Mannfj%F6ldi+eftir+kyni%2C+aldri+og+sveitarf%E9I%F6gum+1998%2D2015+%2D+Sveitarf%E9Iagaskipan+hvers+%E1rs%26path=../Database/mannfjoldi/sveitarfelog/%26lang=3%26units=Fj%F6ldi>

Hagstofan. (2015, janúar). *Mannfjöldi*. Sótt 21. júní 2015 af <http://www.hagstofan.is/?PageID=2593&src=https://rannsokn.hagstofa.is/pxis/Dialog/varval.asp?ma=MAN03105%26ti=Mannfj%F6ldi+eftir+%FE%E9ttb%FDlisst%F6%F0um%2C++kyni+og+aldri+2011%2D2015%26path=../Database/mannfjoldi/Byggdakjarnar/%26lang=3%26units=Fj%F6ldi>

Ferðamálastofa. (2015, apríl). *Ferðapjónusta á Íslandi í tölum*. Sótt 20. Júní 2015 af http://www.ferdamalastofa.is/static/files/ferdamalastofa/Frettamyndir/2015/mai/ferdatjon_i_tolum_15.pdf

Hagstofa. (2015). *Mannfjöldi eftir byggðakjörnum*. Sótt 4. júní 2015 af <http://hagstofa.is/?PageID=2593&src=https://rannsokn.hagstofa.is/pxis/Dialog/varval.asp?ma=MAN03106%26ti=Mannfj%F6ldi+eftir+bygg%F0akj%F6rnum%2C+kyni+og+aldri+2011%2D2015%26path=../Database/mannfjoldi/Byggdakjarnar/%26lang=3%26units=Fj%F6ldi>

Háskólinn á Bifröst. (2015). *Starfsfólk*. Sótt 4. júní 2015 af <http://www.bifrost.is/um-haskolann/starfsfolk>

Innanríkisráðuneytið. (2014, Desember). Fréttir. *Umfangsmiklar breytingar á umdæmum sýslumanna og lögreglu í gildi um áramót*. Sótt 12. Júní 2015 af <http://www.innanrikisraduneyti.is/frettir/nr/29164>

Innanríkisráðuneytið. (2015, maí). Fréttir. *Ríkisstjórnin ákveður að verja 1,8 milljörðum króna til brýnna úrbóta á vegakerfinu*. Sótt 20. Júní 2015 af <http://www.innanrikisraduneyti.is/frettir/nr/29288>

Landbúnaðarháskóli Íslands. (2015). *Starfsfólk*. Sótt 4. júní 2015 af <http://www.lbhi.is/starfsfolk#lbhi>

Landmælingar Íslands. (e.d.). *Kortasjá*. Sótt 10. júní 2015 af <http://atlas.lmi.is/kortasja/>

Rannsóknarsetur verslunarinnar. (2014). *Árbók verslunarinnar 2014*. Sótt 20. Júní 2015 af http://rsv.is/files/Skra_0068311.pdf

Rúv. (2014, október). Fréttir. *Fagna að lögreglustjóri verði í Borgarnesi*. Sótt 12. júní 2015 af <http://www.ruv.is/frett/fagna-ad-logreglustjori-verdi-i-borgarnesi>

Samband íslenskra sveitarfélaga. (2014). *Útsvarsprósentur 2014*. Sótt 03. júní 2015 af <http://www.samband.is/verkefni/fjarmal-sveitarfelaga/frettir---fjarmal/nr/1878>

Skessuhorn. (2011). *Dulin búseta hefur neikvæð áhrif á lög- og heilsugæslu*. Sótt 04. júní 2015 af <http://www.skessuhorn.is/frettir/nr/118687/>

Skorradalshreppur. (2014). *Hreppsnefnd Skorradalshrepps 69.fundur*. Sótt 14. júní 2015 af <http://www.skorradalur.is/fundargerdir/nr/17912/>

Skorradalshreppur. (2015). Sótt 7. júní 2015 af <http://www.skorradalur.is/forsida/>

Tjalda. (e.d.). Tjaldsvæði. *Vesturland*. Sótt 21. júní 2015 af <http://tjalda.is/tjaldsvaedi/vesturland/>

Vegagerðin. (2014). *Fastir teljarar*. Sótt 24. maí 2015 af [http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/Fastir_teljarar_2014/\\$file/Fastir_teljarar_2014.pdf](http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/Fastir_teljarar_2014/$file/Fastir_teljarar_2014.pdf)

Vegagerðin. (e.d.). *Leiðbeiningar og staðlar vegna vetrarþjónustu*. Sótt 24. maí 2015 af http://www.vegagerdin.is/upplýsingar-og-utgafa/leidbeiningar-og-stadlar/vevtrarthjonusta/leidbeinvetrarthjon/77a360e11b21dfbd0025711b0057a6c9?OpenDocument&ExpandSection=1#_Section1

Vegagerðin. (2015, mars). *Árskýsla Vegagerðarinnar 2013*. Sótt 24. maí 2015 af [http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/Arsskyrsla_Vegagerdarinnar_2013/\\$file/Arsskyrsla_Vegagerdarinnar_2013.pdf](http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/Arsskyrsla_Vegagerdarinnar_2013/$file/Arsskyrsla_Vegagerdarinnar_2013.pdf)

Vífill.vesturland.is. (2014). *Ferils-og ritskrá*. Sótt 06. maí 2015 af <http://vifill.vesturland.is/CV-ISL.pdf>

Vífill.vesturland.is. (2000). *Dulin búseta í Borgarfirði*. Sótt 1.maí 2015 af http://www.ssv.is/files/Skra_0007767.pdf

Vísir. (2014). *Flytja lögheimili og greiða lægri skatta*. Sótt 12. júní 2015 af <http://www.visir.is/flytja-logheimili-og-greida-laegri-skatta/article/2014712039937>

Þjóðskrá Íslands. (2013). *Talnaefni*. Sótt 04.maí 2015 af <http://www.skra.is/markadurinn/talnaefni/>

8. Viðauki

Tímastimpill	Hversu margar nætur dvelurðu í sumarhúsi þínu yfir vetrartímann?	Hversu margar nætur dvelurðu í sumarhúsi þínu yfir sumartímann?	Þegar þú dvelur í sumarhúsinu, nýtirðu þér þá þjónustu sem er í boði á svæðinu?	Ef já, hvaða þjónustu nýtirðu þér?
6.8.2015 14:16	10-20 nætur	30-40 nætur	Já, oft	Matvöruverlsun, byggingarvörur, gróðrastöðvar, bensínstöðvar, resturanta, verktakavinnu, sundlaugar ofl
6.8.2015 15:05	10-20 nætur	30-40 nætur	Nei	
6.8.2015 15:31	50 nætur eða fleiri	40-50 nætur	Já, sjaldan	Byggingavöruverslanir, matvöruverslanir
6.8.2015 18:17	10-20 nætur	20-30 nætur	Já, oft	
6.8.2015 19:46	0-10 nætur	0-10 nætur	Nei	
6.11.2015 10:43	10-20 nætur	10-20 nætur	Já, sjaldan	Verslun, sundlaugar
6.12.2015 10:43	20-30 nætur	30-40 nætur	Já, sjaldan	Eldsneyti, mat,sund og veitingar
6.12.2015 21:00	0-10 nætur	10-20 nætur	Já, oft	Golfvöll
6.12.2015 21:00	0-10 nætur	10-20 nætur	Já, oft	Golfvöll
6.12.2015 21:01	10-20 nætur		Já, oft	versla í borganesi
6.12.2015 21:58	0-10 nætur	0-10 nætur	Nei	
6.12.2015 22:12	0-10 nætur	10-20 nætur	Nei	
6.12.2015 22:20	0-10 nætur	30-40 nætur	Já, oft	verslanir og sund
6/14/2015 9:04:09	0-10 nætur	20-30 nætur	Já, oft	matarinnkaup, iðnaðarmenn
6/14/2015 13:01:13	40-50 nætur	40-50 nætur	Já, sjaldan	Verslanir og veiði
6/15/2015 8:06:09	0-10 nætur	10-20 nætur	Nei	
6/15/2015 9:27:55	10-20 nætur	30-40 nætur	Já, oft	Sund og matarinnkaup t.d.
6/15/2015 21:08:33	10-20 nætur	20-30 nætur	Nei	